

## JARÐBORUN, EFTIR HEITU VATNI, Á SVEINSEYRARHLÍÐ Í TÁLKNAFIRÐI, TÁLKNAFJARÐARHREPPI

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að jarðborun, eftir heitu vatni, á Sveinseyrarhlíð í Tálknafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Tálknafjarðarhrepps skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort breyta þarf Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018, bæði hvað varðar borsvæði og legu stofnæðar hitaveitu en núverandi stofnæð hitaveitu er ekki sýnd á sveitarfélagsupprætti. Ennfremur þarf sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort gera þarf deiliskipulag af svæðinu en þar eru nú tvær borholur og baðþró ásamt smáhýsi með búningaðstöðu. Afla þarf starfsleyfis Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Heimild Fornleifaverndar ríkisins þarf ef fornleifar finnast sem nauðsynlegt reynist að raska, sbr. 14. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001. Tilkynna þarf Orkustofnun fyrirhugaða borun skv. 10. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og skila dagbók er gefi upplýsingar um staðsetningu holunnar, jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa komi í holuna, hitastig og önnur atriði og láta Orkustofnun í té afrit af dagbók eigi síðar en mánuði eftir að borun er lokið. Ennfremur er vakin athygli á að leyfi Vegagerðarinnar þarf til framkvæmda innan veghelgunarsvæðis sem er 15 m frá miðlínu vegar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Tálknafjarðarhreppur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. ágúst 2011.

## INNGANGUR

Þann 31. maí 2011 tilkynnti sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps jarðborun á Sveinseyrarhlíð í Tálknafirði til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2 c ii. í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Tálknafjarðarhreppi með bréfi dags. 29. júní 2011, Fornleifavernd ríkisins með tölvupósti dags. 19. júlí 2011, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 30. júní 2011, Orkustofnun með bréfi dags. 29. júní 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. júní 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Tálknafjarðarhreppi með tölvupóst dags. 20. júlí 2011.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

### Fyrirhugað framkvæmd og áhrif

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að bora um 1000-1200 metra djúpa borholu til að afla heits vatns fyrir hitaveitu í þorpinu á Tálknafirði.

Fram kemur að borholunni hafi verið valinn staður á sjávarbakka neðan þjóðvegur, sem er hérðasvegur, á Sveinseyrarhlíð skammt utan við Sveinseyri í Tálknafirði. Ofan vegarins séu tvær eldri borholur LL-01, boruð 1977 og LL-02, boruð 1983. Frá þjóðveginum sé vegur upp að borholu LL-02 þar sem sé lítil baðþró ásamt búningsaðstöðu og heitavatnslögn er liggja rétt ofan þjóðvegurins heim í þorpið. Ný lögn yrði lögð á svipuðum slóðum og því yrði ekki um mikið viðbótar rask að ræða.

Fram kemur að framkvæmdasvæðið verði um 2 ha og nái frá borholu LL-02 niður fyrir þjóðveginn og að sjó. Í Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepp 2006-2018 sé svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gerður verði borteigur, um 15 x 40 metrar að stærð, er nái frá þjóðvegi og niður á bakkabrunir. Þjóðvegurinn liggja út í Sellátradal sem sé nokkuð vinsæl útivistarleið og frá honum liggja gönguleiðir upp til fjalla.

Fram kemur að á Sveinseyrarhlíð sé yfirborðshiti í volgrum og laugum á um 15 stöðum ofan vegarins. Næst framkvæmdasvæðinu sé að finna fjórar litlar laugar/augu, með lítið rennsli þar sem hiti hafi verið á bilinu 30 – 40 °C. Þá kemur fram í svörum framkvæmdaraðila við fyrirspurn Skipulagsstofnunar að hann telji að velgjan sem nú sé á yfirborði hverfi. Yfirborðsjarðhitinn sem nú sé til staðar hafi látið mikið á sjá við fyrri boranir og þar séu engar volgrur sem geti talist hafa verndargildi.

Fram kemur að bein áhrif á gróður verði á graslendi sem fari undir borteiginn, en um sé að ræða svæði sem sléttað hafi verið við vegagerð og ekki sé vitað um neinar plöntur á valista innan framkvæmdasvæðisins. Í svörum framkvæmdaraðila við fyrirspurn Skipulagsstofnunar kemur fram að rakastig jarðvegs muni ekki breytast því í hlíðinni séu hallamýrar og deigjur þar sem kalt grunnvatn flæði. Jarðhitinn hafi óverulegt áhrif á gróðurfar enda sé hitastig í jarðhitalínunni aðeins um og innan við 15-20°C.

Fram kemur að ásýnd svæðisins og landslag muni breytast þar sem borplanið muni ná frá vegi og niður á bakkabrunir. Ný lögn yrði lögð meðfram núverandi heitavatnslögn sem liggur rétt ofan vegar og mun því rask af hennar völdum verða takmarkað.

Fram kemur að ekki sé gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa áhrif á fornleifar á svæðinu. Ef í ljós komi óþekktar fornleifar á borsvæðinu á framkvæmdatíma, muni Tálknafjarðarhreppur hafa samráð við Minjavörð Vestfjarða um aðgerðir, sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Tálknafjarðarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Orkustofnunar er vakin athygli á ákvæði 10. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þess efnis að landeiganda beri að tilkynna til Orkustofnunar um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þeirra. Þá bendir stofnunin jafnframt á ákvæði 2. mgr. 22. gr. sömu laga sem kveður á um skyldu landeiganda til að færa dagbók er gefi upplýsingar um staðsetningu holunnar, jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa komi í holuna, hitastig og önnur atriði og láta Orkustofnun í té afrit af dagbók eigi síðar en mánuði eftir að borun er lokið.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að frágangur við eldri lagnir sé slæmur og víða megi telja lagnirnar til lýta. Ef unnt sé ætti að bæta úr þessu samfara lagningu nýrrar leiðslu.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að starfsmaður stofnunarinnar hafi skoðað fyrirhugað framkvæmdasvæði á vettvangi og þar hafi engar fornleifar fundist. Bent er á 13. gr. Þjóðminjalaga sem kveður á um að ef fornleifar sem áður voru ókunnar finnast skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Bent er á að ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Fyrirhugað er að bora um 1000-1200 metra djúpa borholu á Sveinseyrarhlíð, neðan við Þjóðveginn skammt utan við Sveinseyri við Tálknafjörð, Tálknafjarðarhreppi. Markmið borunarinnar er afla heits vatns fyrir hitaveitu í þorpinu á Tálknafirði. Árin 1977 og 1983 voru boraðar tvær holur á svæðinu og frá annarri þeirra liggur lögn rétt ofan vegarins að þorpinu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2c ii í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Komi til nýtingar úr fyrirhugaðri holu er lagning heitavatslagnar tilkynningarskyld framkvæmd skv. 3. tl. b í 2 viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta heitar uppsprettur sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Af fram lögðum gögnum er ljóst að laugar og volgrur á framkvæmdasvæðinu hafa raskast þegar Þjóðvegurinn var lagður um hlíðina svo og við nýtingu heits vatns úr borholu LL-02. Því miður er ekki fyllilega ljóst hve miklar breytingar hafa orðið á volgrunum, hvorki sem jarðfræðilegum fyrirbærum svo sem breyting á rennsli úr þeim, breyting í hitastigi og útfellingum eða á vistkerfi í eða við volga vatnið. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur ekki fram hvort líffræðingur hafi skoðað gróður á framkvæmdasvæðinu en tekið fram að ekki sé vitað um neinar plöntur á valista innan þess.

Skipulagsstofnun telur nokkuð ljóst, eins og framkvæmdaraðili bendir á, að við frekari borun á svæðinu muni draga enn frekar úr rennsli úr volgrunum eða þær jafnvel þorna alveg.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að Tálknafjarðarhreppur sem fer með skipulagsvald, en er einnig framkvæmdaraðili, hafi í huga við frekari skipulagsgerð að gæta að náttúrfyrirbærum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Volgum uppsprettum hefur verið raskað víðs vegar um landið og því er mikilvægt að ganga vel um þær sem eftir eru.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Tálknafjarðarhrepps við

tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Tálknafjarðrhrepps vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð borun eftir jarðita á Sveinseyrarhlíð, neðan við Þjóðveginn skammt utan við Sveinseyri við Tálknafjörð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Tálknafjarðarhrepps skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort breyta þarf Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018, bæði hvað varðar borsvæði og legu stofnæðar hitaveitu en núverandi stofnæð hitaveitu er ekki sýnd á sveitarfélagsuppdrætti. Ennfremur þarf sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort gera þarf deiliskipulag af svæðinu en þar eru nú tvær borholur og baðþró ásamt smáhýsi með búningaþstöðu. Afla þarf starfsleyfis Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Heimild Fornleifaverndar ríkisins þarf ef fornleifar finnast sem nauðsynlegt reynist að raska, sbr. 14. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001. Tilkynna þarf Orkustofnun fyrirhugaða borun skv. 10. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og skila dagbók er gefi upplýsingar um staðsetningu holunnar, jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa komi í holuna, hitastig og önnur atriði og láta Orkustofnun í té afrit af dagbók eigi síðar en mánuði eftir að borun er lokið. Ennfremur er vakin athygli á að leyfi Vegagerðarinnar þarf til framkvæmda innan veghelgunarsvæðis sem er 15 m frá miðlínu vegar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Tálknafjarðarhreppur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. ágúst 2011.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

Skipulagsstofnun